



## **Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss fyrir árið 2011, lesin á aðalfundi félagsins þann 23. apríl 2012 á Snæfoksstöðum.**

Starf Skógræktarfélags Selfoss á 59. starfsári var með nokkuð hefðbundnu sniði. Starfsvettvangur félagsins var sem fyrr Hellisskógur við Ölfusá.

Eitt árið enn var vöxtur og viðgangur trjáa nokkuð góður, enda var þetta enn eitt hlýinda sumarið og meðalhiti sumarmánuðina yfir meðallagi. Sem dæmi má nefna að þetta er 16. árið í röð þar sem hiti er ofan meðallags í Reykjavík og 17. til 18. hlýjasta ár frá upphafi samfelldra mælinga frá því 1871. Úrkoma var í meðallagi yfir árið. Ársvöxtur flestra tegunda var samt vel yfir meðalvexti. Veturinn var óvenju snjópungur. Í desember og janúar var mikill snjór og má víða sjá sjóbrot á birki í skóginum.

Haldnir voru 3 stjórnarfundir á árinu.

Aðalfundur 2011 var haldinn 11. apríl í Árvökum, húsnæði Skógræktarfélags Árnesinga á Snæfoksstöðum. Ágætis mæting var á fundinn sem bæði var auglýstur í Dagskránni og á heimasíðu félagsins. Á fundinum voru venjubundinn aðalfundarstörf. Stjórn situr áfram óbreytt þar sem þeir sem áttu að ganga úr stjórn buðu sig aftur fram og voru endurkjörnir. Undir liðnum önnur mál var m.a. rætt um vatna- og fuglalíf í Hellisskógi, göngustíga, brýr og grisjun. Sagt frá væntanlegu atvinnuátaki hjá Árborg sem gæti nýst félaginu. Einnig var sagt frá hvaða áhrif mögulegar virkjana framkvæmdir í Ölfusá hefðu á Hellisskóg. Á fundinum var boðið uppá skógarsúpu að hætti Snorra ritara með skógarsveppum úr Grímsnesinu.

Félagsskráin var yfirfarin og lagfærðar þær breytingar sem orðið hafa frá síðasta ári, samkvæmt skránni eru um 140 manns skráð í félagið. Ekki voru sendir út hefðbundnir greiðsluseðlar til félagsmanna vegna félagsgjalds fyrir árið 2012, heldur voru borin út félagsskirteini sem einnig er afsláttarkort á vegum Skf. Ísl. meðfylgjandi voru tveir miðar, annars vegar miði sem hvatti félagsmenn til að greiða félagsgjaldið beint inn á reikning félagsins í stað fyrir að láta bankann standa fyrir innheimtunni með öllum þeim tilkostnaði. Hinn miðinn var frá Skf.Ísl. þar sem sagt var frá að fréttabréf félagsins Laufblaðið kæmi ekki lengur út í pappíriformi heldur rafrænt og félagsmenn hvattir til að senda inn netföngin sín þannig að hægt sé að senda þeim rafvætt laufblað.



Í byrjun árs hvarf bekkur sem staðið hefur á árbakkanum við ferjustaðinn í fjölmörg ár. Bekkurinn fannst í skurði talsvert frá þeim stað sem að hann stóð á. Bekkurinn var ekki undir 200 kg og hafði verið farið með hann upp brekku áður en hann endaði skemmdur í skurðinum, öruggt er að hann hefur verið dregin af bíl þessa leið. Um sumarið var bekkurinn tekin úr skurðinum og lagfærður. Ekki er vanalegt að unnin séu skemmdaverk í Hellisskógi.

Þetta árið var talsvert magn af plöntum plantað í Hellisskógi. Félagið keypti flestar plönturnar frá Hvammi í Hrunamannahrepp og frá Kvistum í Biskupstungum. Einnig fékkst hluti plantna í úthlutun frá Skógræktarfélagi Árnesinga. Sjá plöntutegundir í töflu 1.

Tegund / kvæmi	Aldur	Bakkastærð	Framl.	Fjöldi
Sitkagreni/bast. ÞD Homer	1/0	Fp40	Kvistar	240
Birki Emblulíki	1/0	fp40	Hvammur	1000*
Reynir Reykholt	1/0	fp35	Kvistar	105
Alaskaösp Brekka/Sæland	1/0	Fp35	Hvammur	105
Blágreni Rio Grande	1/0	Fp40	Kvistar	120
Birki	1/0	Fp40	Yrkjusjóður	500

Tafla 1 sýnir plöntur 2012

**Samtals**

**2070**

Þegar allt er talið var plantað um 2070 plöntur í Hellisskógi árið 2012.

Tvö vinnukvöld voru haldin í lok maí þar sem félagsmenn mættu og gróðursetu u.þ.b. 1200 plöntur. Vinnukvöldin voru m.a. auglýst á heimasíðu félagsins [www.hellisskogur.is](http://www.hellisskogur.is) og var þátttaka félagsmanna þökkaleg.. Gróðursett var í norðvestur hluta girðingarinnar upp undir Biskupstungnabraut þar sem ekki hafði verið jarðunnið eða plantað áður. Borin var áburður á plönturnar við gróðursetningu. Að loknum vinnukvöldunum var boðið uppá veitingar frá Guðnabakarí í Stóra Helli. Fyrra vinnukvöldið var hávaða rok þar sem menn áttu fullt í fangið við að halda sér í plöntustafina en seinna kvöldið var logn og blíða.

Skipulögð var árleg gróðursetningarferð nemenda úr Vallaskóla í Hellisskóg. Vegna slæms veðurs, hávaða norðaustan roks féll ferðin niður og komst ekki aftur inn á dagskrá skólans þar sem svo áliðið var á vorönnina. Plönturnar fengu nemendur úr Yrkjusjóði. Plönturnar 500 voru settar niður síðar af skógræktarfélaginu.

Í byrjun júní fékk félagið tvo pilla úr atvinnuátaki ríkistjórnarinnar og Sveitarfélagsins Árborgar. Sinntu þeir ýmsum störfum um sumarið undir verkstjórn Óla Hákons. Keyrð voru út átta bílhöss af moldarblandaðri mól í göngustíga, mölina flutti Skúli Helgason verktaki á Selfossi úr Ingólfsfjalli á fjögurra hásinga vörubíl. Hluti af mólinni var flutt til innan svæðisins með

traktorsgröfu frá sveitarfélaginu, það var gert til að stytta akstursleiðina á hjólbörunum og til að léttu verkið. Borin var fúavörn á bekki og borð, einnig voru þeir sem voru laskaðir lagfærðir. Eitthvað er um að bekkir hafi horfið af þeim stöðum sem þeir voru settir á, sennilega hafa þeir endað í ánni eftir ójafna viðureign við skemmdavarga sem skjóta upp kollinum af og til. Brýr á göngustígum voru yfirfarnar, nokkrar þeirra þurfti að lengja, einhverjum þurfti að lyfta upp og setja undir. Gönguleiðin frá ferjustæðinu austur að Laugarbökkum var lagfærð og sett roraræsi, rörin voru fengin hjá SET og Selfossveitum. Smíðaðar voru brýr yfir landamerkjálæk á landamerkjum við Laugarbakka, enn jarðvegsvinnu við brúnna er ekki lokið. Við Stórahelli var umhverfi snyrt og bætt í göngustíga, einnig var hreinsað drasl út úr hellinum. Gerð var gangskör í að uppræta njóla sem er að stinga sér niður á svæðinu, við hellinn og nágrenni. Meðfram Ölfusá og í nágrenni við minnismerkið um Júlíus. Vinnuframlag drengjanna var um 285 tímar. Einnig komu að þessum verkum fólk frá atvinnuátaki bæjarins í tvo dagsparta.

Tekið var á móti nokkrum hópum af ferðmönnum í skóginum á árinu.

Í sumar voru hafnar framkvæmdir við sumarbústað sem liggur næst vesturkanti girðingarinnar, við framkvæmdirnar spilltist vegurinn meðfram Ölfusá sem liggur við stóru grenitrén rétt fyrir utan girðinguna, vonast er til að vegurinn verði færður í fyrra horf.

Umferð um skóginn heldur en áfram að aukast, sem er ánægjuefni fyrir skógræktarfélagið og hvatning til áframhaldandi góðra verka í Hellisskógi. Um er að ræða fólk á göngu sem er að njóta útivistar í skóglendi, skokkarar ofl.

Framkvæmdasvið sveitarfélagsins lét laga þá staði sem voru hvað verstir í veginum upp að hellinum og eins þar sem vegurinn liggur niður að læknum sem rennur í Ölfusá austur undir landamerkjum við Laugarbakka. Einnig var vegurinn upp í Helliskóg heflaður.

Umhirða á trjágróðri í Hellisskógi var minni en undanfarinn ár þar sem að ýmsar aðrar kostnaðar samar framkvæmdir fóru fram á árinu. Þó var grisjað frá akvegum þau tré sem þrengja að umferð stærri ökutækja sem aka um skóginn upp í Stóra Helli. Verkið var unnið með trjáklippum og keðjusög.

Í febrúar 2012 var sent bréf til bæjarstjórnar Árborgar vegna fyrirhugaðs flutnings á trjám úr vegstæði sem á að liggja inn í skóginn frá Biskupstungnabraut. Í bréfinu var sveitarfélaginu boðið að fjarlægja þau tré sem er að finna í vegstæðinu og flytja á opinn svæði í Árborg. Í staðin þarf sveitarfélagið að útbúa veg í vegstæðið á sinn kostnað. Ekki hefur borist formlegt svar við bréfinu en formaður hefur átt samtál við framkvæmdastjóra framkvæmda og veitusviðs sem var að skoða kostnaðinn við verkið.

Í febrúar 2012 var haft sambandi við Ungmennafélag Selfoss og þeim boðið að tilnefna tvo fulltrúa til að koma að uppbyggingu heilsueflandi tækja við göngustíga í Hellisskógi. Um getur verið að ræða þrektæki, jafnvægisprautir sem og annað sem getur aukið á fjölbreytni í hreyfingu og

upplifun í skóginum. Erindinu var vel tekið og hefur Umf. Selfoss tilnefnt þau Grím Hergeirs og Hróðnýju Hauksdóttir sem sína fulltrúa. Fulltrúar Skf. Self. eru þeir Snorri Sigurfinns og Sigmundur Stefánsson.

Nýlega hafði Gylfi Guðmundsson formaður Lionsklúbbsins samband og óskaði efir að fá að hitta okkur og skoða mögulegan vegslóða inn á svæðið sem að Lionsmenn eru með í Helliskógi. Fórum við Snorri og hittum Gylfa á staðnum og skoðuðum aðstæður. Ástæða áhuga þeirra á veglagningunni er að áhugi er til að grisja í reitnum og taka efnið í burt á kerru og eins að hafa betra aðgengi inn á svæðið í framtíðinni. Hugmynd þeirra er að taka veg yfir skurðinn mótis við útskotið við Hrafnakletta. Tókum við vel í erindið.

Í apríl var haft samband við félagið og því boðið að koma að samstarfsverkefni um að kortleggja Grenndarskóg í nágrenni leikskólans Álheima og Vallaskóla. Markmiðið er að stuðla að samstarfi um þverfaglegt útinám og að skólarnir nái að tengjast í gegnum verkefnið. Að nemendur beggja skóla kynnist, læri og upplifi náttúruna á fróðlegan og skemmtilegan hátt ásamt því að efla virðingu nemenda og starfsfólks fyrir mikilvægi skógarins og skilja hvers virði hann er vistfræðilega fyrir sjálfbærni í samtímanum.

Samstarfsaðilar eru Leikskólinn Álheimar, Vallaskóli, Skógræktin, Suðurlandsskógar, umhverfisdeild Árborgar. Tekið var vel í erindið.

Á komandi ári verði helstu verkefni eins og undanfarinn ár vegagerð, stígagerð, uppbygging á aðstöðu og umhirða skógarins þau verkefni sem verða hvað mest aðkallandi til að bæta aðgengi og ásýnd Hellisskógar.

Framundan er 60 ára afmælisár félagsins. Ætlunin er að vera gera eitthvað til hátíðarbrigða og mun komandi stjórn kynna það síðar í vor.

Núverandi stjórn þakkar félagsmönnum, Sveitarfélaginu Árborg, styrktaraðilum og öðrum hlutaðeigandi samstarfið á liðnu ári og vonar að komandi starfsár verði félaginu heilladrjúgt í ræktarstarfinu.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss,  
Björgvin Örn Eggertsson<sup>2</sup>, formaður

*Aðrir í stjórn félagsins eru: Snorri Sigurfinnsson<sup>1</sup> ritari, Örn Óskarsson<sup>1</sup> gjaldkeri, Hermann Ólafsson<sup>2</sup> og Ólafur H. Guðmundsson<sup>1</sup> varamenn.*

<sup>1</sup> Tákn um þá sem eiga að sitja áfram í stjórn. <sup>2</sup> Tákn um þá sem eiga að ganga úr stjórn.

